



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Tálknafjarðarhrepp árið 2019

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Tálknafjarðarhrepp sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2018.

3. gr.

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti á rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs :

- a) Ef um er að ræða einstaklinga;
 - með brúttótekjur undir 3.670.000 kr. getur niðurfelling orðið 100%
 - með brúttótekjur milli 3.670.001 kr. – 4.629.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%
- b) Ef um er að ræða hjón;
 - með brúttótekjur undir 5.096.500 kr. getur niðurfelling orðið 100%
 - með brúttótekjur milli 5.096.501 kr. – 6.481.000 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2018 vegna skatttekna 2017.

4.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3.gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

Tálknafjarðarhreppur 13. desember 2018

Bryndís Sigurðardóttir

sveitarstjóri